

Ed.

534. Nefndarálit

[125. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um mál þetta á mörgum sameiginlegum fundum með landbúnaðarnefnd Nd.

Til viðtals við nefndirnar komu ýmsir aðilar, sérstakt samráð var haft við formann Stéttarsambands bænda og umsagnir hinna fjölmörgu aðila, er frv. var sent til, voru athugaðar og yfirfarnar mjög gaumgæfilega. Reynt var eftir föngum að samræma hin ýmsu mismunandi sjónarmið, er fram komu.

Nefndirnar gerðu sameiginlega fjölmargar breytingar á upphaflegri gerð frv.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar mælir með samþykkt frv. óbreytts svo sem það kom frá neðri deild.

Alþingi, 6. apríl 1979.

Helgi F. Seljan,
form., frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
fundaskr.

Bragi Nielsson.

Stefán Jónsson.

Bragi Sigurjónsson.